

MERKILEGT RANNSÓKNAREFNI

Málfar á Íslendingasögum

I

Sennilega mun ekki allfáum koma í hug, er þeir lesa fyrir-sögn þessa, að það efni sé svo þrautrannsakað, að þar sé litlu við að bæta. En það er öðru nær. Það má miklu fremur heita, að sú rannsókn sé ekki meir en aðeins hafin ennþá, eins og auðvelt er að sýna framá. Til er mjög merk og mikils-verð bók eftir hinn kunna norska fræðimann próf. dr. Knut Liestöl, sem heitir „Upphavet til den islandske ættesaga“; kom hún út 1929, en ári síðar í enskri þýðingu: *The Origin of the Icelandic Family Sagas*. Á íslensku kom bókin út 1938, og er dr. Björn Guðfinnsson þýðandinn. Hefi ég aðeins lesið íslensku þýðinguna, sem ég tel vitanlega sjálf-sagt, að óhætt sé að treysta. Þar segir svo, s. 22: „Við lestur Íslendinga sagna verður þess mjög vart, hve stíll þeirra allra er áþekkur. „Óendanlega keimlíkur stíll, tilbreytingalaus og án byggðra málsgreina“, segir N. M. Petersen (í *Bidrag til den oldnordiske Literaturs Historie*, s. 220)“.

Liestöl þykir þetta nú að vísu „ofmælt“, en bætir þó við, að því verði „ekki neitað, að sögustíllinn hefir alltaf sama heildarsvipinn, sem getur virst tilbreytingarlítt að lokum“.

Þess má geta, að N. M. Petersen (1791—1862) var einn af merkustu fræðimönnum dönskum á sínum tíma, bók-menntafræðingur, lengi prófessor við háskólann og hefir þýtt margar Íslendingasögurnar á dönsku.

II

Dr. Björn Guðfinnsson gerir engar athugasemdir við þessar lýsingar N. M. Petersens og Liestöls á sögustílnum. En þó vill svo undarlega til, að sannleikurinn í þessum efn-

um er alveg þveröfugur við það sem þessir merku menn halda fram. Málið á hinum ýmsu sögum er svo margbreytilegt, að furðu gegnir. Hver saga hefir sín sérstöku orð — kenniorð, sem kalla mætti — sérstöku máltæki og orðalag. Eða með öðrum orðum, sitt sérstaka höfundarmark. Því að á annan hátt verður þetta ekki skýrt, eins og enn greinilegar kemur í ljós, þegar hinar fáu undantekningar eru athugaðar.

Það er nógu gaman að veita því eftirtekt, hvernig Liestöl fer að, þegar hann er að leitast við að færa sönnur á tilbreytingaleysi sögustílsins. Hann nefnir tvö dæmi þess, að í sömu sögu er sama orðalag endurtekið. Og er með slíku vitanlega einungis bent á það, að sama sagan er sjálfri sér lík um málfar. Og mætti um það langt rita og fróðlega. Vér finnum t. d. í Njálu þrisvar sinnum spakmælið „skamma stund verður hönd höggvi fegin“. En í Eglu kemur það aldrei fyrir, og ekki heldur Heimskringlu. Í Eglu kemur aftur á móti einu sinni fyrir orðtækið: „það er gott heilum vagni heim að aka“, í Njálu er það aldrei, en að vísu í Heimskringlu, einnig einu sinni. Í Njálu er ritað „hljótt“, aldrei „hljóðlega“; í Eglu „hljóðlega“, aldrei „hljótt“; og í Heimskringlu ekki einungis „hljóðlega“, heldur jafnvel „hljóðsamlega“. Er þar komið að því einkenni Snorramáls, sem mjög er áberandi og mikil ástæða til að taka eftir. Í Eglu er það bú „rausnarsamlegt“, sem Laxdæla kallar „risulegt“; „háskasamlegt“ er sumt bæði í Eglu og Heimskringlu, en í Njálu kemur orðið „háskasamlegur“ aldrei fyrir. Eitthvert eftirtektarverðasta kenniorð Snorramáls er þó „feginsamlega“, sem kemur fyrir í Eglu 6 sinnum, en í Heimskringlu 8 sinnum; í Njálu (og fjölda mörgum öðrum sögum) aldrei. Í þrem sögum, sem allar eru áratugum yngri en verk Snorra, kemur það fyrir einu sinni.

III

Málfarið á Íslendingasögunum er nú einmitt svo fjölbreytilegt, að þegar vér finnum, að heita má, sama málfar á tveim ritum, getum vér örugglega ályktað, að þau eru eftir sama höfund. Vér getum sagt með vissu, að ef Egla er ekki

eftir Snorra Sturluson, þá er Heimskringla ekki heldur eftir þennan stórkostlega snilling, sem Íslendingar hafa ennþá varla metið að verðleikum. Og víst er um það, að stíl hans, sem nefna mætti Snorramál, hafa menn til skamms tíma ekki þekkt. Og gegnir þetta furðu nokkurri, þegar þess er gætt, hversu framúrskarandi gáfumenn og snillingar hafa lagt stund á rannsókn fornbókmennta vorra. Læt ég þar nægja að nefna Sveinbjörn Egilsson, Konráð Gíslason og Guðbrand Vigfússon. Og svo er Björn Ólsen, þessi mikli skarpleiksmaður, sem sérstaklega hafði tekið sér fyrir hendur að reyna að sanna, að Snorri Sturluson væri höfundur Eglu. En ekki heldur hann kom auga á þau einkenni í málfari Snorra, sem í þessu efni taka af allan efa.

Manni verður í þessu sambandi nálega að minnast þess hvernig margir ágætir jarðfræðingar, — og þeirra á meðal hinn mikli fræðimaður Þorvaldur Thoroddsen — misskildu gersamlega bergtegund, sem er sérstaklega þýðingarmikil, þegar skilja skal jarðsögu Íslands, og komu ekki auga á þau einkenni, sem þar nægja til skilnings.

IV

Nákvæm rannsókn á þessu efni, sem ég hefi hér verið að leitast við að vekja eftirtekt á, mundi leiða í ljós ýmsan merkilegan fróðleik, sem m. a. gæti orðið oss hjálp til að rita vort stórkostlega mál eins og því er samboðið. En að það sé ástundað, miðar óefað að því, að hefja íslenska menningu á hærra stig, og styðja oss til þess andlega sjálfstæðis, sem nauðsynlegt er, ef íslenska þjóðin á að ná fullum þroska. Ég hygg, að möguleikar hins íslenska þjóðernis á bókmennta- og vísindasviðinu hafi ekki verið til fulls metnir ennþá. En að það verði gert, mundi ekki einungis greiða fyrir því, að hér á Íslandi gætu afrek unnin orðið í þeim efnum, heldur einnig stuðla að því, að sum nöfn manna, sem komnir væru af íslenskum ættum, yrðu meðal hinna fremstu í vísindum og bókmenntum Vesturheims.